Nd. 112. Breytingartillögur

við frv. til laga um ríkisskattanefnd.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

I. Aftan við 8. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þeir menn, sem ríkisskattanefnd kynni að kveðja sér til aðstoðar um störf samkvæmt 6. gr., skulu sömu skyldum háðir um drengskaparvottorð og þagnarskyldu sem skattanefndamenn.

II. 9. gr. frv. orðist svo:

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðinn í fjárlögum.